

**1993 nr. 53 19. maí****Lög um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota****I. kafli.**

■ **1. gr.** Ábyrgðasjóður launa ábyrgist greiðslu vinnulauna-kröfu launþega og kröfu viðurkennds lífeyrissjóðs vegna lífeyrisiðgjalda á hendur vinnuveitanda við gjaldþrotaskipti eða þegar dánarbú hans er til opinberra skipta og erfingjar hans ábyrgjast ekki skuldbindingar hans.

■ **2. gr.** Með framkvæmd laga þessara fer félagsmálaráðherra. Ábyrgðasjóðurinn lýtur þriggja manna stjórn sem skipuð er af félagsmálaráðherra til fjögurra ára samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og sá þriðji án tilnefningar.

□ Ábyrgðasjóður launa skal vera í vörslu félagsmálaráðuneytis sem sér um daglega afgreiðslu og reikningshald sjóðsins í umboði sjóðstjórnar. Ársreikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun og birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

■ **3. gr.** Ábyrgðasjóðurinn skal fjármagnaður með sérstöku ábyrgðargjaldi af greiddum vinnulaunum, þóknun og reiknuðu endurgjaldi hvaða nafni sem nefnist sem skattskyld er skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, auk vaxtatekna sjóðsins.

□ Ábyrgðargjaldið skal vera allt að 0,2% af gjaldstofni. Hlutfallið skal ákveðið með reglugerð sem félagsmálaráðherra setur fyrir eitt ár í senn að fengnum tillögum stjórnar ábyrgðasjóðsins. Ákvæði laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, eiga við um gjaldstofn, gjaldskyldu, greiðslutímabil, álagningu og innheimtu.

□ Ábyrgðargjald telst rekstrarkostnaður skv. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, að því leyti sem það er ákvarðað af launum sem teljast rekstrarkostnaður samkvæmt sömu grein.

□ Skortí ábyrgðasjóðinn reidufé til að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt lögum þessum skal stjórn sjóðsins þegar tilkynna það ráðherra. Ríkissjóður skal þá leggja sjóðnum til þá fjármuni sem til þarf og skoðast það sem lántaka. Nemi uppsöfnuð skuld ábyrgðasjóðsins við ríkissjóð í árslok hærri fjárhæð en svarar til helmings áætlaðra árstekna af ábyrgðargjaldi er félagsmálaráðherra heimilt með reglugerð, að fengnum tillögum sjóðstjórnar, að hækka gjaldið tímabundið um allt að 0,1% þar til jafnvægi er náð.

□ Kostnaður af rekstri ábyrgðasjóðsins greiðist af tekjum hans.

■ **4. gr.** Með hugtakinu vinnulaun er átt við endurgjald fyrir starf hjá vinnuveitanda með stoð í gildandi kjarasamningi eða vinnusamningi milli aðila er rýmri rétt veitir launþega.

□ Með hugtakinu launþegi er í lögum þessum átt við hvern þann sem þegið hefur tíma-, viku- eða mánaðarlaun samkvæmt vinnusamningi við vinnuveitanda og gegnt hefur starfi sem veitir rétt til launa í uppsagnarfresti samkvæmt lögum eða kjarasamningi.

**II. kafli.**

■ **5. gr.** Ábyrgð sjóðsins tekur til eftirfarandi krafna í bú vinnuveitanda sem viðurkenndar hafa verið sem forgangskröfur samkvæmt gjaldþrotaskiptalögum:

a. kröfu launþega um vinnulaun fyrir síðustu þrjá starfsmánuði hans hjá vinnuveitanda, þar með talinn hluti launa

sem haldið var eftir af vinnuveitanda skv. VIII. kafla laga nr. 86/1988,<sup>1)</sup>

b. kröfu launþega um orlofslaun sem koma áttu til útborgunar á síðustu þremur starfsmánuðum hans hjá vinnuveitanda,

c. kröfu viðurkennds lífeyrissjóðs um vangoldin lífeyrissjóðsiðgjöld sem fallið hafa í gjalddaga á síðustu 18 mánuðum fyrir frest dag að uppfylltum skilyrðum III. kafla laga þessara; ábyrgðin takmarkast þó við lágmark 4. gr. laga nr. 55/1980,

d. bóta vegna launamissis í allt að þrjá mánuði vegna riftunar eða uppsagnar vinnusamnings, enda skal sá sem krefst bóta samkvæmt þessum lið sýna fram á með vottorði vinnumiðlunar að hann hafi leitað eftir annarri atvinnu þann tíma sem bóta er krafist,

e. bóta til launþega sem vinnuveitanda ber að greiða vegna tjóns af völdum vinnuslyss eða til þess sem tilkall á til bóta vegna dauðsfalls launþega, enda fylgi bótakröfunni forgangsréttur í bú vinnuveitandans,

f. vaxta skv. 5. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, af kröfum samkvæmt staflíðum a–e frá gjalddaga þeirra til þess dags er krafan fæst greidd úr ábyrgðasjóði,

g. skiptatryggingar sem launþegar eða lífeyrissjóður hafa greitt. Sama gildir um óhjákvæmilegan kostnað sem launþegi eða sá sem krefst bóta skv. e-lið hefur orðið að greiða vegna nauðsynlegra ráðstafana til innheimtu kröfu sinnar, þó að hámarki samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar.

□ Ábyrgð sjóðsins skv. a- og d-liðum 1. mgr. þessarar greinar skal þó ekki nema hærri fjárhæð miðað við einn mánuð en sem nemur þreföldum atvinnuleysisbótum eins og þær eru ákveðnar hæstar á hverjum mánuði án tillits til barnafjölda.

□ Ábyrgð sjóðsins nær til greiðslna skv. f- og g-liðum 1. mgr. þó að þær kröfur njóti ekki forgangsréttar í bú vinnuveitanda.

□ Sjóðstjórn er, þegar sérstaklega stendur á, heimilt, til þess að takmarka tjón sjóðsins, að ábyrgjast kröfur skv. a–f-liðum þessarar greinar án undangenginna gjaldþrotaskipta, enda liggi fyrir að viðkomandi fyrirtæki hafi sannanlega hætt rekstri og kostnaður af að koma fram gjaldþroti yrði að mati sjóðstjórnar óeðlilega mikill.

<sup>1)</sup> Reglur, sem svara til VIII. kafla l. 86/1988, eru ekki í l. 97/1993, sem hafa leyst þau af hólmi.

■ **6. gr.** Eftirtaldir launþegar geta þó ekki krafðið sjóðnum um greiðslu krafna skv. a–d-liðum 1. mgr. 5. gr.:

a. Þeir sem sæti áttu á stjórn gjaldþrota félags eftir að fjárhag þess tók verulega að halla. Þetta á þó ekki við um þá sem sæti eiga í varastjórn félags nema þeir hafi gegnt stjórnarstörfum á umræddu tímabili.

b. Þeir sem átt hafa 5% hlutfjár eða meira í gjaldþrota hlutfélagi.

c. Forstjóri, framkvæmdastjóri og þeir aðrir sem vegna starfa sinna hjá hinum gjaldþrota vinnuveitanda áttu að hafa þá yfirsýn yfir fjárhag fyrirtækisins að þeim mátti ekki dyljast að gjaldþrot þess væri yfirvofandi á þeim tíma sem unnið var fyrir vinnulaunum.

d. Maki þess sem ástatt er um sem segir í a–c-liðum, svo og skyldmenni hans í beinan legg og maki skyldmennis í beinan legg. Leiði ákvæði þetta til mjög ósanngjarnrar niðurstöðu að mati sjóðstjórnar getur stjórnin ákveðið að heimila greiðslu til þessara launþega úr ríkissjóði á grundvelli laganna, enda þótt launakrafa hafi ekki verið viðurkennd sem forgangskrafa, sbr. 3. gr. og 3. mgr. 112. gr. gjaldþrotaskiptalaga, nr. 21/1991.

□ Sjóðstjórn úrskurðar um ágreiningu um greiðsluskyldu.

**III. kafli.**

■ **7. gr.** Ábyrgð sjóðsins á iðgjaldakröfum lífeyrissjóðs er háð því skilyrði að eðlilega hafi verið staðið að innheimtutilraunum af hálfu lífeyrissjóðs og lífeyrissjóðurinn hafi tvisvar ár hvert, 1. mars og 1. september, sent sjóðfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld vegna þeirra. Yfirliti þessu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir ef vanhöld sýnast á iðgjaldaskilum. Komi athugasemd ekki fram skv. 8. gr. laga þessara er viðkomandi lífeyrissjóður einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd, enda hafi lífeyrissjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna.

■ **8. gr.** Til þess að iðgjöld launþega njóti ábyrgðar ábyrgðasjóðs skulu launþegar innan 60 daga frá dagsetningu reglulegs yfirlits frá lífeyrissjóði, sbr. 7. gr., ganga úr skugga um skil vinnuveitanda til lífeyrissjóðs sem greind eru á launaseðli hans. Séu vanskil á iðgjöldum skal launþegi innan sömu tímamarka leggja lífeyrissjóði til afrit launaseðla fyrir það tímabil sem er í vanskilum.

□ Ráðherra getur sett nánari reglur<sup>1)</sup> um framkvæmd ákvæða þessa kafla að fengnum tillögum sjóðstjórnar og sambanda lífeyrissjóða.

<sup>1)</sup> Rg. 33/1995.

**IV. kafli.**

■ **9. gr.** Ef innköllun hefur verið gefin út í bú vinnuveitanda verður greiðslukrafa á hendur ábyrgðasjóði því aðeins tekin til greina að hún berist sjóðnum innan sex mánaða frá þeirri birtingu innköllunar í Lögbirtingablaði er ræður lokum kröfufylsingarfrests í búíð. Sjóðstjórn er þó heimilt að taka til greina kröfu er berst innan tólf mánaða frá birtingu innköllunar ef sýnt er að kröfuna hafi ekki verið hægt að gera fyrir.

■ **10. gr.** Greiðslukrafa á hendur ábyrgðasjóði skal vera skrifleg. Í henni skal greina eftirfarandi svo glöggst sem við verður komið:

- Nafn, kennitölu og heimilisfang þess sem kröfu gerir.
- Nafn, kennitölu og heimilisfang vinnuveitanda og hvenær bú hans var tekið til skipta.
- Hverjum störfum launþegi gegndi, upphaf og lok starfstíma hans, hver launakjör hans hafi verið og eftir hverjum samningum þau fóru, sundurliðun kröfu, svo sem í vinnulaun, orlof, bætur, vexti, kostnað og til hvaða tímabils krafan nær.
- Yfirlýsingu þess er kröfuna gerir sem gefin er að viðlögðum drengskap um að atvik þau, er í 6. gr. getur, séu kröfu hans ekki til fyrirstöðu.

□ Kröfubréfi til ábyrgðasjóðs skulu fylgja afrit kröfufylsingar í bú vinnuveitandans og gögn sem varða meðferð kröfunnar við búskiptin.

□ Nú brestur á að fullnægt sé framangreindum atriðum og skal þeim er kröfuna gerir á sannanlegan hátt vera gefinn kostur á úrbótum innan tiltekins frests, að því viðlögðu að krafa hans á hendur ábyrgðasjóði teljist ella afturkölluð.

□ Sá sem gerir greiðslukröfu á hendur ábyrgðasjóði á grundvelli laga þessara má ekki aðhafast neitt það sem lýrt gæti endurkröfurétt ábyrgðasjóðs á hendur búí. Er honum óheimilt án sérstaks leyfis sjóðstjórnar að samþykkja að kröfur fái komist að við gjaldþrotaskipti sem ekki hefur verið lýst fyrir lok kröfufylsingarfrests. Brjóti launþegi eða umboðsmaður hans gegn þessu ákvæði hefur það í för með sér að ábyrgð ábyrgðasjóðs á kröfu hans fellur niður.

■ **11. gr.** Skiptastjóri í þrotabúi eða dánarbúi skal svo fljót sem auðið er láta ábyrgðasjóði í té skriflega umsögn um

hverja þá kröfu í þrotabúi sem til álita kemur að njóti ábyrgðar ábyrgðasjóðs eftir lögum þessum. Í umsögninni skulu eftirfarandi atriði tilgreind:

- hvenær bú hafi verið tekið til skipta og hver fari með málefni þess,
- hvenær kröfufylsingarfresti í búíð hafi lokið,
- hvaða kröfum hafi verið lýst í búíð sem ábyrgð kunnir að fylgja samkvæmt lögum þessum,
- hvort eða að hverju marki viðurkenndur hafi verið forgangsréttur kröfunnar í búíð,
- hvort skilað hafi verið til innheimtuaðila ríkissjóðs þeim hluta launa sem vinnuveitanda bar að halda eftir samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda; ef það hefur ekki verið gert skal enn fremur eftir föngum gerð grein fyrir þeim fjárhæðum sem vinnuveitanda bar að halda eftir af launum launþega,
- hvort ákvæði 6. gr. eigi við um kröfuna eða ekki.

□ Nú hefur skiptafundur ekki verið haldinn í búí vinnuveitandans til þess að taka afstöðu til viðurkenningar lýstra krafna en skiptastjóri í búinu lýsir því yfir í umsögn sinni að í skrá um lýstar kröfur í búíð hafi hann tekið eða muni fyrirjáanlega taka þá afstöðu til viðurkenningar forgangsréttar greiðslukröfunnar í búíð að hann sé samþykkur henni að einhverju leyti eða öllu og er þá sjóðstjórn heimilt að fara með greiðslukröfu á hendur ábyrgðasjóði eins og fullnægt væri skilyrðum a-liðar 1. mgr. Hafi krafa verið greidd úr ábyrgðasjóði samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar á grundvelli slíkrar yfirlýsingar skiptastjóra, en síðar kemur fram að hafnað sé viðurkenningu forgangsréttar kröfunnar í búíð, verður sú fjárhæð, sem ofgreidd hefur verið af þessum sökum, ekki endurkrafín.

■ **12. gr.** Nú hefur skiptum á dánarbúi vinnuveitandans verið lokið vegna eignaleysis án þess að það hafi verið tekið til opinberra skipta og verður greiðslukrafa á hendur ábyrgðasjóði þá að berast innan sex mánaða frá þeim málalokum. Sjóðstjórn er þó heimilt að taka til greina kröfu er berst innan tólf mánaða frá birtingu auglýsingar um skiptalok ef sýnt er að kröfuna hafi ekki verið hægt að gera fyrir.

□ Í greiðslukröfunni skal greina þau atriði er í 1. mgr. 10. gr. getur. Henni skulu fylgja nauðsynleg gögn til að staðreynt verði réttmæti hennar og hvort skilyrðum laga þessara sé fullnægt, þar á meðal launaseðlar eða uppgjör til launþega, kjarasamningur viðkomandi stéttarfélag, vinnusamningur og vottorð vinnuveitandans, eftir því sem við verður komið. Getur ábyrgðasjóður lagt fyrir launþega að afla þeirra gagna sem hann telur nauðsynleg í þessu skyni.

□ Leita skal ábyrgðasjóður umsagnar sýslumanns, sem skiptin áttu undir, um þau atriði varðandi kröfuna sem hann getur vottað um á grundvelli gagna sem fram hafa komið við skiptameðferðina.

■ **13. gr.** Ef launþegi hefur framselt launakröfu sína á hendur vinnuveitanda áður en bú vinnuveitandans var tekið til gjaldþrotaskipta nýtur krafan ekki ábyrgðar eftir lögum þessum. Þetta á þó ekki við ef krafan hefur verið framseld stéttarfélagi launþegans, né heldur ef krafan hefur verið að fullu eða að hluta framseld Atvinnuleysisstryggingasjóði.

■ **14. gr.** Innan fjögurra vikna, frá því að fengin hefur verið umsögn skiptastjóra um kröfuna, ber sjóðstjórn að taka ákvörðun um hvort hún verði greidd úr ábyrgðasjóði. Þegar sjóðstjórn ákveður greiðslu kröfu samkvæmt lögum þessum skal jafnframt tilkynna viðkomandi innheimtuaðila ríkissjóðs hvaða fjárhæð hefur verið dregin frá kröfu launþega vegna

ákvæða laga um staðgreiðslu opinberra gjalda. Komi fram í umsögn skiptastjóra að ágreiningur sé um kröfuna í bú vinnuveitandans hefst frestur þessi þann dag sem sjóðstjórn verður kunnugt um lyktir ágreiningsins.

□ Telji sjóðstjórn að skilyrðum laga þessara sé ekki fullnægt til þess að krafa verði greidd úr ábyrgðasjóði skal ákvörðun um synjun á greiðsluskyldu vera rökstudd. Er þeim er kröfuna gerir heimilt að leita úrlausnar dómstóla um greiðsluskylduna.

■ **15. gr.** Áður en greiðsla á kröfu verður innt af hendi úr ábyrgðasjóði skal staðreyna hvort greiðsla hafi fengist á henni að einhverju eða öllu leyti úr búi vinnuveitandans og skulu þær greiðslur dragast að fullu frá greiðslu úr ábyrgðasjóði.

■ **16. gr.** Ábyrgðasjóður skal tilkynna bréflega þeim er kröfu gerir og skiptastjóra í búi vinnuveitandans um niðurstöðu sína um greiðsluskyldu ábyrgðasjóðs. Í tilkynningu skal sundurliða þá fjárhæð sem greiða á.

□ Frá því að skiptastjóra í búi vinnuveitandans berst tilkynning ábyrgðasjóðs um fyrirhugaða greiðslu kröfunnar úr ábyrgðasjóði fer stjórn sjóðsins með fyrirvar fyrir kröfunni að því leyti sem ábyrgðasjóður leysir hana til sín. Nýtur krafa

ábyrgðasjóðs sömu stöðu í skuldaröð í búinu og krafa sú, sem hann hefur leyst til sín, hefði ella notið.

■ **17. gr.** Hafi greiðslu samkvæmt lögum þessum verið aflað úr ábyrgðasjóði með því að gefnar hafi verið rangar upplýsingar um atriði eða leynt hafi verið atriðum sem leitt hefðu til að synjað hefði verið um greiðslu úr ábyrgðasjóði ef ljós hefðu verið ber þeim er greiðslu fékk að endurgreiða ábyrgðasjóði þá fjárhæð sem hann hefur ranglega fengið.

□ Telji stjórn sjóðsins að sá er greiðslu fékk hafi af ásetningi veitt rangar upplýsingar eða leynt upplýsingum og þannig fengið greiðslu úr ábyrgðasjóði skal stjórn sjóðsins tilkynna það ríkissaksóknara og skal um slíkt brot fjalla í opinberu máli. Varða slík brot sektum til ríkissjóðs er numið geta allt að tífaldrí þeirri fjárhæð sem ranglega hefur fengist greidd nema þyngri refsing liggi við að lögum.

■ **18. gr.** Félagsmálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð<sup>1)</sup> nánari ákvæði um hvernig framkvæmd laganna skuli háttáð.

<sup>1)</sup> Rg. 339/1990.

■ **19. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. . .

□ Ábyrgðasjóður launa ábyrgist kröfur sem hlotið hafa umsögn skiptaráðanda 1. mars 1992 til 30. júní 1992 en skiptastjóra 1. júlí 1992 eða síðar.